

Til foreldra barna og unglunga á námskeiðum Myndlistaskólans í Reykjavík haustið 2020

Kæru foreldrarar

Það er okkur mikið fagnaðarefni að geta tekið á móti börnunum ykkar og unnið með þeim í hefðbundnu staðnámi en eins og allir vita er ástandið enn nokkuð óstöðugt og því viðhöfum við ákveðnar ráðstafanir í sóttvarnaskyni. Ég bið ykkur að lesa vel þær umgengnisreglur sem við höfum sett en til þess að geta haldið skólanum gangandi þurfum við öll að vera samtaka.

Þótt reglur um nánd eigi ekki við um börn á leik- og grunnskólaaldri verður samt lögð áhersla á að börnin virði persónulegt rými hvers annars og allar kennslustundir hefjast á handþvotti. Allur umgangur um stofuna og skólann þarf að vera í lágmarki. Stærstur hluti náms við Myndlistaskólann telst vera á framhaldsskólastigi og um það gilda strangari reglur en um grunnskóla. M.a. er matsalur nemenda lokaður.

Á meðan matsalurinn er lokaður falla nestistímar barnanna niður. Börnin þurfa því að koma vel nærð í tímana en vatnsflöskur eru leyfðar í stofunni. Þar sem börnin fá ekki nestistíma lýkur kennslu korteri fyrir en tilgreint er í námskeiðslýsingu. **Við biðjum foreldra sem sækja og skutla að hafa þetta í huga.**

Öll áhöld, borð, stólar, vaskar og aðrir helstu snertifletir eru sótthreinsaðir á milli hópa. Best væri ef börnin hefðu tök á að fara heim með sem mest af sínum verkefnum um leið og þeim er lokið en þó tökum við fullt tillit til þeirra sem t.d. ferðast með strætó eða ganga sjálf um langan veg heim.

Ykkur er velkomið að fylgja börnum ykkar inn í skólann í fyrsta tíma. Mætið í andyrið og þaðan verður börnunum fylgt til stofu. Eftir það mega foreldrar 4-9 ára barna fylgja sínum börnum að andyri skólans á 2. hæð en foreldrar stálpaðri barna sem skutla og sækja eru vinsamlega beðnir um að senda þau ein inn og bíða þeirra úti í bíl. Inngangar og bílastæði eru beggja vegna hússins.

Þetta eru tímabundnar reglur sem verða endurskoðaðar um leið og tilefni er til.

Með bestu kveðjum frá starfsfólki Myndlistaskólans í Reykjavík